

Fundargerð fimmtudaginn 5. febrúar 2026

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Jón Frímann Eiríksson, Sigurður Jónsson og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Heimir Karlsson, Kristinn Hólm, Friðrik Höskuldsson og Tryggvi Eiríksson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

### Dagskrá stjórnarfundar

1. **Yfirlit yfir sjúkradagpeninga og styrki, afkoma sjúkrasjóðs.** Formaður fór yfir stöðu mála og gerði grein fyrir þeim styrkjum sem greiddir hafa verið úr sjóðnum frá árinu 2015. Að meðaltali nema þeir 46,8 milljónum króna á ári. Styrkgreiðslur hafa aukist á undanförunum árum, í samræmi við þróun hjá öðrum stéttarfélögum. Heildariðgjöld til sjóðsins á síðasta ári námu tæpum 109 milljónum króna, en nettótekjur sjóðsins voru um 80 milljónir króna.

2. **Yfirlit yfir upphæðir í auglýsingar ofl.**

Samþykkt var að ákveða heildarupphæð til auglýsinga, án þess að skilgreina nánar í hvað fjármunirnir yrðu nýttir. Ákvörðun um ráðstöfun þeirra verður í höndum formanns. Formaður fór yfir þær upphæðir sem greiddar hafa verið í auglýsingakostnað og kom fram að kostnaður félagsins vegna auglýsinga hefur dregist nokkuð saman. Ákveðið var að kostnaður vegna lógós félagsins skyldi ekki fara yfir 1,7 milljónir króna. Nokkur umræða varð um styrki almennt. Settur var fyrirvari varðandi styrk til golfmóts, en almennt ríkti samstaða um að draga mætti úr styrknum. Ákveðið var að hækka þátttökugjald, en halda áfram að styrkja mótið. Samþykkt var að veita golfmótinu styrk að upphæð 500 þúsund krónur.

3. **Kynning á fundi í ráðgjafanefnd Hafró sem var 15 janúar, nýting gagna frá fiskiskipum.** Árni gerði grein fyrir fundi ráðgjafanefndar Hafranssóknastofnunar sem haldinn var 15. janúar. Á fundinum lagði hann fram þrjár tillögur sem færð voru til bókar:

- Tillaga um áhyggjur okkar af miklu afráni á fiskistofunum vegna fjölgunar hvalategunda í hafinu umhverfis Ísland. Nauðsynlegt er að Hafró gefi út nýtingaráætlun um hvalveiðar, um að nauðsynlegt sé að veiða hvali til að halda stofnum þeirra í skefjum. Vitað er að afrán þeirra hefur bein og óbein áhrif á fæðuframboð og stærð fiskistofna.
- Tillaga um að atvinnuráðherra skipi hóp hagsmunaaðila. Í hópnum ættu sæti skipstjórar ásamt fulltrúum hagsmunaaðila, útgerða og ráðuneytis, helst ráðherra sjálfur. Hlutverk hópsins yrði að hlusta vísindamenn Hafró þegar ráðgjöfin liggur fyrir að vori og fara yfir ráðgjöfina áður en hún er kynnt almenningi. Ráðherra og ráðuneyti hans legði í framhaldi af slíkum fundi sjálfstætt mat á ráðgjöfina. til frekari skoðunar á málinu.
- Tillaga félagsins er að Hafranssóknastofnun hefji samstarf við útgerðir með það fyrir augum að nýta þau gögn sem safnað er um borð í skipum og hjá fiskvinnslufyrirtækjum til að bæta stofnmat og sjá þróun á fisktegundum, ásamt stærð og þyngd á fiski á tilteknum svæðum. Lagt er til að byrja með því að fela einum starfsmanni að hefja sem fyrst samstarf við útgerðir um nýtingu og úrvinnslu upplýsinga úr þessum gögnum.

Tryggvi lagði fram þá hugmynd að félagið óski eftir því að sóknartegundir verði skráðar sjálfkrafa í afladagbók. Hugmyndin hlaut góðar undirtektir á fundinum og ríkti almenn samstaða um að skoða málið nánar

4. **Hugmyndir um störf um borð í skipum fyrir nýja háseta**

Heimir og Pálmi Gauti kynntu hugmyndir um störf um borð í skipum sem miða að því að laða

ungt fólk að greininni. Málið var rætt og skapaðist góð og uppbyggileg umræða um tillögurnar. Sem fyrirmynd var nefnd sú leið sem Samherji hefur farið á undanförunum árum, þar sem fyrirtækið hefur tekið þátt í viðburðum í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi. Í framhaldinu hafa skipast vangaveltur um sjómenskunámskeið og að Samherji taka inn áhugasama umsækjendur til þjálfunar og menntunar í grunnvinnufærni sjómennsku, með launagreiðslum meðan á þjálfun stendur. Áhersla er lögð á að í áhöfn togara sé ekki fækkuð þrátt fyrir þátttöku lærlinga, en þeir fá jafnframt viðtæka fræðslu í aflameðferð og tækifæri til að kynna sér netagerð og önnur störf tengd veiðum.

Nokkur umræða varð um málið og voru fundarmenn almennt jákvæðir gagnvart hugmyndinni. Formaður benti þó á að stéttarfélög háseta séu ekki einhuga um fyrirkomulagið, þar sem uppi séu áhyggjur af því að verið sé að skapa hóp svokallaðra „hálfdrættinga“. Jafnframt kom skýrt fram að þetta sé ekki hugmynd eða markmið þeirra aðila sem standa að tillögunni.

#### 5. **Ákveða leiguupphæðir fyrir íbúðir og bústaði félagsins**

Ákveðið að leiguverð verði óbreytt. Hugmynd kom upp um að leyfa hundahald í einni íbúð í Borgartúni þar sem þær eru með sérinngang. Menn voru sammála um að leyfa hundahald í einni íbúð til prufu en jafnframt yrði það auglýst innan félagsins hvaða íbúð verður fyrir valinu þar sem sumt fólk er með ofnæmi fyrir dýrum.

#### 6. **Önnur mál**

Formaður sagði frá því að ráðningarsamningum fiskeldismanna á Vestfjörðum hefur verið sagt upp og starfsmönnum boðin endurráðning á lakari kjörum. Slíkar aðferðir teljum við hjá FS óásættanlegar. Bent var á að í þessum tilvikum var ekki leitað til stéttarfélaga heldur höfðu eldisfyrirtækin beint samband við starfsmenn. Líta má á þessi mál sem þvingunaraðferðir fyrirtækjanna gegn starfsmönnum. Jafnframt var rætt um tilvik þar sem starfsmenn eru þvingaðir til að vinna tveir saman á eldisbátum sem fara út í kvíar. Við höfum verið afdráttarlausir í því að ætíð séu að lágmarki þrír menn á þessum bátum því ef maður fellur fyrir borð getur reynst erfitt fyrir einn mann að ná honum um borð aftur. Einnig var rætt um að í sumum tilvikum séu útlendingar settir í forgang, auðveldara er að semja við þá um lægri laun og að gengið sé sérstaklega á þá starfsmenn sem taldir eru veikastir fyrir.

Þá var rætt um björgunarþyrlumál á Norðurlandi og mögulega staðsetningu þyrlu á Akureyri. Fram kom að slík ráðstöfun geti skapað falskt öryggi fyrir sjómenn nema stjórnvöld tryggja verulega aukið fjármagn til reksturs, þar á meðal fleiri vélar og mannafla. Bent var á að Landhelgisgæslan hafi áhuga á slíku fyrirkomulagi, en fjárskortur standi í vegi fyrir framkvæmd. Jákvætt var talið að halda málinu á dagskrá og það þrýsti á framgang þess.

Ekki voru fleiri mál rædd og fundi slitið kl. 13:45

Árni Sverrisson formaður

Páll Egir Pétursson fundarritari